

Fjallabyggð



## DEILISKIPULAG HAFNARSVÆÐIS SIGLUFJARÐAR

Fjallabyggð

*Hafnar- og athafnasvæði*

**SKIPULAGSLÝSING**

dags. 30.01.2023

# EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>YFIRLIT</b> .....	<b>2</b>
1.1	SKIPULAGSSVÆÐIÐ.....	2
1.2	VIÐFANGSEFNI OG MARKMIÐ.....	3
<b>2</b>	<b>FORSENDUR</b> .....	<b>3</b>
2.1	SAGA.....	3
2.2	STAÐHÆTTIR.....	3
2.3	NÁTTÚRUVÁ.....	4
	<i>Sjávarflóð</i> .....	4
	<i>Ofanflóð</i> .....	4
	<i>Jarðskjálftar</i> .....	4
2.4	FORNMINJAR.....	5
2.5	HÚSAKÖNNUN.....	5
	<i>Gránugata 1 (1974)</i> .....	6
	<i>Gránugata 5 (1961)</i> .....	7
	<i>Gránugata 5A (1985)</i> .....	7
	<i>Gránugata 5B (1988)</i> .....	8
	<i>Gránugata 13 (1978)</i> .....	8
	<i>Gránugata 13b (1980)</i> .....	9
	<i>Gránugata 15 (1943)</i> .....	9
	<i>Gránugata 15B (1996)</i> .....	10
	<i>Gránugata 17 (1976)</i> .....	11
	<i>Gránugata 19 og 19a (1935)</i> .....	11
	<i>Gránugata 23 (1957)</i> .....	12
	<i>Gránugata 25 (1962)</i> .....	12
	<i>Hafnarbryggja (1987)</i> .....	13
	<i>Hafnarbryggja 1 (2016)</i> .....	13
	<i>Tjarnargata 2 (1934)</i> .....	13
	<i>Tjarnargata 6 (1995)</i> .....	14
	<i>Tjarnargata 8 (1908)</i> .....	14
2.6	TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR.....	15
	<i>Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024</i> .....	15
	<i>Aðalskipulag Fjallabyggðar 2020-2032</i> .....	15
	<i>Deiliskipulag</i> .....	18
<b>3</b>	<b>ÁHERSLUR SKIPULAGSNEFNDAR</b> .....	<b>19</b>
<b>4</b>	<b>ÁHRIFAMAT</b> .....	<b>19</b>
<b>5</b>	<b>KYNNING, SAMRÁÐ OG SKIPULAGSFERLI</b> .....	<b>19</b>
5.1	UMSAGNARADILAR.....	20
<b>6</b>	<b>ÁBENDINGAR, TILLÖGUR OG SJÓNARMÍÐ</b> .....	<b>20</b>
<b>7</b>	<b>HEIMILDASKRÁ</b> .....	<b>21</b>

# 1 YFIRLIT

Skipulags- og umhverfisnefnd ásamt hafnarnefnd hafa lagt til að farið verði í deiliskipulag hafnarsvæðisins á Siglufirði. Vinnan felst í framtíðarstefnumótun og endurskipulagningu vinnusvæða.

Skipulagslýsing þessi er sett fram og kynnt í upphafi verks í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í lýsingunni er gerð grein fyrir fyrirhugaðri skipulagsvinnu og helstu forsendum hennar. Með framlagningu lýsingarinnar hefst samráð um gerð skipulagsins og er óskað eftir því að íbúar, umsagnaraðilar og aðrir hagsmunaaðilar leggi fram sjónarmið og ábendingar nú í upphafi verks, sem að gagni gætu komið í skipulagsvinnunni.

## 1.1 SKIPULAGSSVÆÐIÐ



Mynd 1 Afmörkun skipulagssvæðis á loftmynd sem tekin var árið 2021. (Loftmyndir ehf.)

Skipulagssvæðið er 9,25 ha að stærð og nær til hafnarsvæðis og athafnalóða. Það afmarkast af smábátahöfn í vestri, Rauðku og Gránugötu, athafnasvæði við Tjarnargötu og Öldubryjót í norðri.

## 1.2 VIÐFANGSEFNI OG MARKMIÐ

Markmið skipulagsins er að:

- tryggja eftir því sem kostur er sambylí ólíkra atvinnugreina, þ.e. ferðamennsku og sjávarútveg
- gefa kost á nýjum tækifærum
- bæta ásýnd umhverfis vestan Óskarsbryggju, m.a. vegna farþegaskipa sem þar leggja að og nýs varðskips sem nú á heimahöfn á Siglufirði og er legustaður þess við Óskarsbryggju.

## 2 FORSENDUR

### 2.1 SAGA

Á Siglufirði hefur undirstöðuatvinna verið fiskveiðar og úrvinnsla sjávarfangs í gegnum árin enda er Siglufjörður frá náttúrunnar hendi ein besta höfn landsins. Undanfarinn áratug hefur þó orðið mikil breyting á atvinnuháttum á Siglufirði þar sem störfum tengdum sjávaraútvegi hefur fækkað gríðarlega. Ýmis þjónustustörf og fjarvinnsla fyrir stofnanir er nú orðin mikilvægur hlekkur í atvinnulífi bæjarins. Þjónusta við ferðamenn hefur aukist á undanförunum árum og er kappskostað að taka vel á móti gestum bæjarins.

Fáir bæir á Íslandi eiga sér jafn viðburðaríka sögu og Siglufjörður. Gengi fiskveiða og sjávarútvegsfyrirtækja hefur risið og hniðið á víxl og staðurinn ýmist gleymdur eða vígfrægur.

Árið 1903 urðu mikil tímamót á Siglufirði þegar Norðmenn hófu stórfelldar síldveiðar við Norðurland og gerðu Siglufjörð að miðstöð síldarútvegsins. Með síldveiðunum og nýrri tækni til botnfiskveiða, togaraútgerðinni urðu stórstígari framfarir en nokkurn tíma í sögu Íslands. Bærinn öðlaðist kaupstaðarréttindi árið 1918 og var þá lítið þorp, hálfnorskt, sem óx hratt. Um miðja öldina var staðurinn orðinn einn af stærstu kaupstöðum landsins.

Eftir að síldin hvarf tóku við erfið ár í atvinnulífi staðarins en á árunum 1971-73 var útgerðarfyrirtækinu Þormóður rammi komið á fót með tilstyrk ríkisvaldsins. Skuttogaraútgerðin blómstraði, stórfelld þorskvinnsla stunduð í frystihúsum og mikil loðna brædd. Eftir 1990 jókst mjög útgerð rækjuveiðiskipa og við lok 20. aldar hafði rækjan tekið við af þorski í landvinnslu frystihúsanna í bænum (Fjallabyggð, 2023).

### 2.2 STAÐHÆTTIR

Siglufjörður er nyrstur fjarða á Tröllaskaga og gengur inn til suðvesturs. Hann er umgirtur 600-900 metra háum fjöllum. Fjörðurinn er um 8 km langur frá Siglunesi og inn í fjarðarbotn Fjarðaráróss. Undirlendi er í botni fjarðarins og á Þormóðseyri þar sem Siglufjarðarkaupstaður stendur. Eyrin nær um 400 m út í fjörðinn og er um 600 m breið. Eitt besta skipalægi á Íslandi var við sunnanverða eyrina. Bæjarmynd Siglufjarðar var mótuð af séra Bjarna Þorsteinssyni, sem gerði skipulagsuppdrátt af eyrinni með hefðbundnu evrópsku bæjarskipulagi. Á flatri eyrinni var skipulagt gatnanet með reglulega réttthyrndum byggðareitum. Á uppgangsárum síldartímans hélt strangt bæjarskipulag séra Bjarna utanum bæjarmyndina á Eyrinni þar sem byggingar mynduðu skýr og ákveðin bæjarrými, götur og torg. Húsin standa almennt við götu, þ.e. við gangstétt en ekki inni á lóð. Framhlið snýr að götu og inngangur er á

framhlið eða vel sýnilegur frá götu. Á þennan hátt móta byggingarnar vel skilgreind göturými og gefa byggðinni á Eyrinni ákveðna bæjarmynd.

Nú er byggðin á Eyrinni sundurlaus og skörðótt. Víða ægir saman ólíkum og misstórum byggingum enda mætast þar íbúðarsvæði, ferðapjónusta og hafnar- og iðnaðarsvæði. Mikil breyting hefur orðið á ströndinni og hafnarsvæðum frá því á síldarárunum. Síldarplön og bryggjur hafa vikið fyrir umfangsminni en veigameiri hafnarmannvirkjum og sjóvarnargörðum (Teiknistofa arkitekta, Gylfi Guðjónsson og félagar, 2020).

Innan skipulagssvæðisins er allt hafnarsvæðið; hafntengd starfsemi, bryggjur og smábátahöfn, athafnasvæði og ferðapjónusta. Á svæðinu lenda allar stærðir báta og skipa sem sinna ýmist sjávarútvegi, ferðapjónustu eða gæslu.

Bryggjurnar eru:

- Ingvarsbryggja
- Togarabryggja
- Hafnarbryggja
- Óskarsbryggja

Sjá mynd 1 til skýringar.

## 2.3 NÁTTÚRUVÁ

### **SJÁVARFLÓÐ**

Á strandlágum svæðum getur skapast hætta á sjávarflóðum af fjórum ástæðum:

- vegna hækkunar sjávarborðs á heimsvísu, spá Umhverfissráðuneytis gerir ráð fyrir 0,2-0,6 m á öldinni
- sigi á berggrunni, berggrunnurinn í sveitarfélaginu mun líklega síga um 35 cm á næstu 100 árum
- sig á fyllingum getur orðið um 30 cm
- vegna langrar öldu

Við deiliskipulagningu lágsvæða, þar sem ákvörðun er tekin um lágmarks land- og/eða gólfhæðir, skal stuðst við viðmiðanir byggðar á Lágsvæðaskýrslum sem taka mið af sjávarstöðu árið 2100. Þegar líftími hverfa eða mannvirkja er meiri en 100 ár þarf að taka tillit til væntanlegra sjávarstöðubreytinga til lengri tíma. Taka þarf tillit til bæði hækkunar sjávar og landsigs við ákvörðun um land- og gólfkóta. Á nýjum landfyllingum þarf auk þess að gera ráð fyrir umfram landsigi. (Sigurður Sigurðarson, 2018)

Í aðalskipulagi Fjallabyggðar eru sett fram almenn ákvæði um lágmarkshæð gólfkóta nýrra bygginga og skal hann ekki vera undir 2,7 m.y.s..

### **OFANFLÓÐ**

Enn eru óuppfærðar hættumatslínur vegna snjóflóða á gildandi aðalskipulagi en þær hafa ekki verið uppfærðar eftir að varnarmannvirki voru sett upp. Svæðið er þó metið utan snjóflóðahættusvæðis.

### **JARÐSKJÁLFTAR**

Fjallabyggð og nágrenni er á jarðskjálftasvæði og er innan svæðis þar sem jarðskjálftavá er talsvert hærri en gengur og gerist á landinu. Hönnunarhröðunarsvæði er 0,50 g miðað við 500 ára meðalendurkomutíma sem er hæsti áhættuflokkur (Páll Halldórsson, 2005).

## 2.4 FORNMINJAR

Í 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 segir að skráning fornleifa, hús og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðal- eða deiliskipulagi.

Til stendur að láta vinna deiliskráningu minja en slík skráning liggur ekki fyrir.

## 2.5 HÚSAKÖNNUN

Í 5. mgr. 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 segir: „Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar.“

Árið 2012 var unnin húsaskráning á Siglufirði, sem var uppfærð í desember 2017, af Kanon arkitektum. Ágrip úr húsaskráningunni verður lagt fram í þessum kafla til upplýsinga um þær byggingar sem eru innan skipulagssvæðisins.

Í fasteignaskrá húsnaðis- og mannvirkjastofnunar eru byggingarnar skráðar með eftirfarandi hætti:

Staðfang	Notkun	Bygg. ár	Birt stærð	
Gránugata 1 - 3	Frystigeymsla	1974	663,7	m <sup>2</sup>
Gránugata 1 - 3	Frystihús	1977	2257,5	m <sup>2</sup>
Gránugata 1 - 3	Frystigeymsla	1996	767,3	m <sup>2</sup>
Gránugata 5	Verkstæði	1961	300	m <sup>2</sup>
Gránugata 5A - Hafnarvogin	Vogarhús	1985	42,3	m <sup>2</sup>
Gránugata 5B	Veitingahús	1988	69,9	m <sup>2</sup>
Gránugata 13	Iðnaðarhús	1978	566	m <sup>2</sup>
Gránugata 13B	Iðnaðarhús	1980	279,4	m <sup>2</sup>
Gránugata 15 - Genís, lyfjaframleiðsla	Frystihús	1943	0	m <sup>2</sup>
Gránugata 15 - Genís, lyfjaframleiðsla	Frystihús og verbúð	1959	0	m <sup>2</sup>
Gránugata 15	Spennistöð nr: 56	1959	0	m <sup>2</sup>
Gránugata 15B	Iðnaður	1996	756	m <sup>2</sup>
Gránugata 17	Veiðarfærageymsla	1976	297,6	m <sup>2</sup>
Gránugata 17	Veiðarfærageymsla	1976	96	m <sup>2</sup>
Gránugata 17	Veiðarfærageymsla	1976	96	m <sup>2</sup>
Gránugata 17	Veiðarfærageymsla	1976	96	m <sup>2</sup>
Gránugata 17	Veiðarfærageymsla	1976	134,9	m <sup>2</sup>
Gránugata 17	Veiðarfærageymsla	1976	74,1	m <sup>2</sup>
Gránugata 19	Veitingahús	1935	595,8	m <sup>2</sup>
Gránugata 19A	Iðnaður	1935	110,6	m <sup>2</sup>
Gránugata 23 - Rauðka	Veitingahús	1957	226,2	m <sup>2</sup>
Gránugata 25 - Rauðka	Þjónustumiðstöð	1962	186,3	m <sup>2</sup>
Hafnarbryggja	Iðnaðarhús	1987	720,9	m <sup>2</sup>
Hafnarbryggja 1	Spennistöð	2016	10,2	m <sup>2</sup>
Hafnarbryggja 1	Spennistöð	2016	14,8	m <sup>2</sup>
Tjarnargata 2 - Slippur	Trésmíðaverkstæði	1934	337	m <sup>2</sup>
Tjarnargata 6 - Olís	Birgðageymsla	1995	369,6	m <sup>2</sup>
Tjarnargata 8	Verbúð	1908	272	m <sup>2</sup>

(Húsnaðis- og mannvirkjastofnun, 2023)

## Skýringar:

Hús sem lagt er til að verði hverfisverndað í deiliskipulagi skv. húsaskráningu í Siglufjarðar.

Friðuð hús skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 (100 ára og eldri).



Mynd 2 Tillaga húsaskráningar að hverfisvernd (blá hús) og friðuð hús (rautt hús).

## GRÁNUGATA 1 (1974)



2011 Norðurhlíð



2011 Suðvesturhlíðar

Mynd 3 Myndir úr húsaskráningu Siglufjarðar af Gránugötu 1.

Einnar hæðar verksmiðjubygging með lágu mænispaki. Austasti hluti byggingar er þó allt að 3 hæðir. Stór verksmiðjubygging með matvælaframleiðslu. Ástand húss er mjög gott. Það hefur takmarkað varðveislugildi í nútíð (Kanon arkitektar, 2012).

## GRÁNUGATA 5 (1961)



Frá 8 áratug 20 aldar.



2011 Norðausturhliðar

*Mynd 4 Myndir úr húsaskráningu Siglufjarðar af Gránugötu 5.*

Um er að ræða málmklætt stálgrindarhús, skemmuform með mænispaki. Ástand húss er þokkalegt og hefur það takmarkað varðveislugildi í nútíð (Kanon arkitektar, 2012).

## GRÁNUGATA 5A (1985)



2011 Suðausturhliðar



2011 Norðvesturhliðar

*Mynd 5 Myndir úr húsaskráningu Siglufjarðar af Gránugötu 5A.*

Einnar hæðar timburhús á tiltölulega háum steinsteyptum sökkli með lágu mænispaki. Húsið er lítið sem ekkert breytt og er ástand þess gott. Húsið hefur takmarkað varðveislugildi í nútíð (Kanon arkitektar, 2012).



## GRÁNUGATA 5B (1988)



2011 Suðvesturhlíðar



2011 Norðausturhlíðar

Mynd 6 Myndir úr húsaskráningu Siglufjarðar af Gránugötu 5B.

Einlyft týpuhús úr timbri með lágu mænispaki. Húsið er líklega nokkuð breytt. Ástand þess er gott og hefur það takmarkað varðveislugildi í nútíð (Kanon arkitektar, 2012).

## GRÁNUGATA 13 (1978)



2011 Norðurhlíð



2011 Austurhlíð

Mynd 7 Myndir úr húsaskráningu Siglufjarðar af Gránugötu 13.

Stálgrindarhús klætt með Trapiza málmklæðningu. Húsið er líklega byggt á gömlum grunni. Húsið hefur líklega verið stækkað þrisvar. Ástand húss er gott og hefur varðveislugildi vegna atvinnusögu og umhverfis (Kanon arkitektar, 2012).

## GRÁNUGATA 13B (1980)



2011 Norðvesturhliðar



2011 Suðurhlið

Mynd 8 Myndir úr húsaskráningu Siglufjarðar af Gránugötu 13B.

Stálgrindarhús með stórra iðnaðarhurð á suðurgafli og lágt mænispak. Í húsinu voru stundaðar bátaviðgerðir. Dráttarbraut liggur til suðurs frá húsinu. Húsið er lítið breytt og ástand þess er gott. Það hefur takmarkað varðveislugildi í nútíð (Kanon arkitektar, 2012).

## GRÁNUGATA 15 (1943)



Frá 6 áratug 20 aldar



2011 Norðausturhliðar

Mynd 9 Myndir úr húsaskráningu Siglufjarðar af Gránugötu 15.



Mynd 10 Gránugata 15 var endurbætt árið 2014 og hýsir nú lyfjaframleiðslufyrirtækið Genís. (Magnús Rúnar Magnússon, 2014)

Reisulegt steinsteypt verksmiðjuhús í nútímalegum anda. Húsið er hluti götummyndar og hverfisheildar og nokkuð upprunalegt. Ástand þess er mjög gott. Það hefur varðveislugildi vegna byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis. Húsið er hluti af varðveisluverðri samstæðu húsa og heilda. Í húsaskráningu er lagt til að húsið verði verndað með hverfisvernd í deiliskipulagi (Kanon arkitektar, 2012).

### GRÁNUGATA 15B (1996)



2011. Norðausturhlíðar



2011. Suðvesturhlíðar

Mynd 11 Myndir úr húsaskráningu Siglufjarðar af Gránugötu 15B.

Stórt stálgrindarhús á háum steinsteyptum sökkli með mænispaki. Stór iðnaðarhurð á suðurgafli. Hluti götummyndar Norðurgötu – mænisstefna tekur mið af húsum sem þarna stóðu á síðustu öld. Ástand húss er gott og það hefur takmarkað varðveislugildi í nútíð (Kanon arkitektar, 2012).

## GRÁNUGATA 17 (1976)



2011 Norðvesturhlíðar



2011 Suðausturhlíðar

Mynd 12 Myndir úr húsaskráningu Siglufjarðar af Gránugötu 17.

Húsið var lengst af saltfiskverslun en er nú vinnuaðstaða smábátasjómannanna. Húsið er málmklætt stálgrindarhús með lágu mænispaki. Húsið er lítið breytt og ástand mjög gott þar sem ytra byrði hefur nýlega verið endurnýjað. Húsið hefur takmarkað varðveislugildi í nútíð (Kanon arkitektar, 2012).

## GRÁNUGATA 19 OG 19A (1935)



2011 Suðvesturhlíðar



2011 Norðausturhlíðar

Mynd 13 Myndir úr húsaskráningu Siglufjarðar af Gránugötu 19.

Einlyft timburhús í norrænum stíl með rispaki og kvistum. Verbúð sem breytt hefur verið fyrir menningarstarfsemi. Húsið er mikið breytt útlitslega og er hluti heildar sem hefur verið færð í nýjan búning. Ástand húss er mjög gott enda endurbyggt að stærstum hluta. Varðveislugildi er takmarkað í nútíð en um er að ræða varðveisluverða samstæðu húsa og heildir. Í húsaskráningu er lagt til að húsið verði verndað með hverfisvernd í deiliskipulagi (Kanon arkitektar, 2012).

## GRÁNUGATA 23 (1957)



Frá 7 áratug 20 aldar



2011 Suðvesturhliðar

Mynd 14 Myndir úr húsaskráningu Siglufjarðar af Gránugötu 23.

Einlyft timburhús í norrænum stíl með rispaki og kvistum. Verbúð sem breytt hefur verið fyrir menningarstarfsemi. Húsið er mikið breytt útlitslega og er hluti heildar sem hefur verið færð í nýjan búning. Ástand húss er mjög gott enda endurbyggt að stærstum hluta. Varðveislugildi er takmarkað í nútíð en um er að ræða varðveisluverða samstæðu húsa og heildir. Í húsaskráningu er lagt til að húsið verði verndað með hverfisvernd í deiliskipulagi (Kanon arkitektar, 2012).

## GRÁNUGATA 25 (1962)



2011 Norðausturhliðar



2011 Norðvesturhliðar

Mynd 15 Myndir úr húsaskráningu Siglufjarðar af Gránugötu 25.

Einlyft timburhús í norrænum stíl með rispaki og kvistum. Verbúð sem breytt hefur verið fyrir menningarstarfsemi. Húsið er mikið breytt útlitslega og er hluti heildar sem hefur verið færð í nýjan búning. Ástand húss er mjög gott enda endurbyggt að stærstum hluta. Varðveislugildi er takmarkað í nútíð en um er að ræða varðveisluverða samstæðu húsa og heildir. Í húsaskráningu er lagt til að húsið verði verndað með hverfisvernd í deiliskipulagi (Kanon arkitektar, 2012).

## HAFNARBRYGGJA (1987)



2011 Norðvesturhlíðar



2011 Suðausturhlíðar

Mynd 16 Myndir úr húsaskráningu Siglufjarðar af Hafnarbryggju.

Skemmubygging með burðarvirki úr límtré. Byggingin gegnir hlutverki netaverkstæðis/geymslu og fiskmarkaðar. Ástand byggingar er mjög gott. Hún hefur takmarða varðveislugildi í nútíð (Kanon arkitektar, 2012).

## HAFNARBRYGGJA 1 (2016)

Spennistöð Rarik. Steypt bygging.

## TJARNARGATA 2 (1934)



Frá fyrri tíð - ásjúnd frá Hafnarbryggju



2011. Ásjúnd frá Tjarnargötu

Mynd 17 Myndir úr húsaskráningu Siglufjarðar af Tjarnargötu 2.

*Gamla skipasmíðastöðin hefur nánast ekkert verið notuð í tvo áratugi. Innandyra eru þó enn tæki og tól til reiðu. Slippurinn var starfræktur í áratugi og fóru fram viðgerðir á skipum alveg fram yfir 1990. Árið 2007 hófst samstarfsverkefni milli Síldarminjasafns Íslands á Siglufirði og Bátaverndarstöðvar Norður-Noregs í Gratangen um menntun bátasmíða. Slippurinn - gamla bátasmíðastöðin verður þar með kjarninn í nýrri deild Síldarminjasafnsins þar sem áhersla verður lögð á sögu íslenskrar bátasmíði.*

Merk heimild um iðnaðarhúsnæði frá fyrri hluta 20. aldar. Er að mestu óbreytt frá upphafi. Ástand byggingar er allgott og hefur hún mikið varðveislugildi vegna menningarsögu og umhverfis. Í húsaskráningu er lagt til að húsið verði verndað með hverfisvernd í deiliskipulagi (Kanon arkitektar, 2012).

## TJARNARGATA 6 (1995)



2011. Ásýnd frá Tjarnargötu



2011. Ásýnd norðurgafls

Mynd 18 Myndir úr húsaskráningu Siglufjarðar af Tjarnargötu 6

Einföld stálskemma á steiptum sökkli með lágu rispaki. Ástand byggingar er gott. Hún hefur takmarkað varðveislugildi í nútíð (Kanon arkitektar, 2012).

## TJARNARGATA 8 (1908)



Mynd líklega frá sjötta áratug 20 aldar



2011. Ásýnd suður og vesturhlíða

Mynd 19 Myndir úr húsaskráningu Siglufjarðar af Tjarnargötu 8.

Aðeins Tjarnargata 8 er friðuð bygging skv. 5. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Felur það í sér að óheimilt er að raska byggingunni, spilla henni eða breyta, rífa hana eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Miðað er við að leitað sé leyfis stofnunar áður en ráðist er í allar byggingarleyfisskyldar framkvæmdir. Sömu gögn skal senda til Minjastofnunar til umsagnar og senda þarf til byggingarfulltrúa. (Minjastofnun Íslands, 2023)

*Upphaflega byggt sem verslunarhús. Breytt í verbúð um eða eftir stríð með 12 tveggja manna svefnherbergjum. Talverðar breytingar hafa verið gerðar á húsinu í gegn um tíðina. Húsið var mælt upp og skoðað 2010 í þeim tilgangi að færa það sem næst upprunalegu útliti. Í framhaldinu var unnin tillaga að framtíðarútliti hússins eftir Jon Nordsteien arkitekt mnl.*

Byggingin er mikilvæg heimild um verslunarhúsnæði frá byrjun 20. aldar. Hún er hluti götumyndar og slippasvæðis austast á eyrinni. Ytra byrði er fremur illa farið. Byggingin hefur mikið varðveislugildi. Í húsaskráningu er lagt til að húsið verði verndað með hverfisvernd í deiliskipulagi (Kanon arkitektar, 2012).


## 2.6 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

### SVÆÐISSKIPULAG EYJAFJARÐAR 2012-2024

Í kafla 3.4.2 um *Hafnir* er sett fram markmið sveitarfélaganna. „Stefnt er að því að í Eyjafirði verði áfram öflugar hafnir sem þjóna þörfum svæðisins.“

### AÐALSKIPULAG FJALLABYGGÐAR 2020-2032

Innan skipulagssvæðisins eru þrjár gerðir landnotkunarflokka, hafnarsvæði, athafnasvæði og miðsvæði. Gert er ráð fyrir landfyllingu á hluta hafnar- og athafnasvæðis.



Mynd 20 Skipulagssvæðið merkt með rauðri brotalínu yfir landnotkunarreiti Aðalskipulags Fjallabyggðar 2020-2032.



Í markmiðum aðalskipulagsins um **athafnasvæði** segir:

- ❖ Athafnasvæði Fjallabyggðar séu eftirsóknarverð fyrir atvinnurekendur með góðri tengingu við hafnir og samgönguæðar.
  - Fjölbreytt úrval athafnalóða fyrir mismunandi gerðir fyrirtækja verði til úthlutunar.
- ❖ Áhersla á góðar umhverfis- og starfsmannaaðstæður þannig að fyrirtæki sjái sér hag af að vera með atvinnurekstur í sveitarfélaginu.
  - Áhersla á gott grunnkerfi, umhverfismál og fjölskyldugildi.

Í almennum ákvæðum um athafnasvæði segir:

*Auk atvinnustarfsemi á sérmerktum athafnasvæðum eru almennar heimildir fyrir atvinnustarfsemi á öðrum landnotkunarreitum, þar á meðal íbúðarsvæðum innan þeirra skilmála sem settir eru. Gera skal nánari grein fyrir heimildum fyrir atvinnustarfsemi á öðrum svæðum í deiliskipulagi þeirra.*

---

Í markmiðum aðalskipulagsins um **hafnir** segir:

- ❖ Sjávarútvegur og tengdar greinar verði áfram meginstoð atvinnulífs Fjallabyggðar.
- ❖ Áhersla skal lögð á góða aðstöðu og vaxtamöguleika fyrir útgerð og aðra hafnsækna starfsemi.
  - Öflug sjávarútvegs- og vinnslufyrirtæki þar sem samfélagsleg ábyrgð og samfélagslegir hagsmunir eru í fyrirrúmi efla atvinnulíf í sveitarfélaginu og hafa það að markmiði að tryggja störf. Framleiðsla verðmætrar gæðavöru og fullvinnsla á henni er mikilvægt atriði í því samhengi, sérstaklega þegar litið er til lengri tíma.
  - Fjallabyggð hefur mótast mjög af sjósókn og telst það því mikilvægur hlekkur í menningu þéttbýlanna að útgerð sé viðhaldið.
  - Útgerðarfyrirtækjum og tengdri starfsemi verðisérstaklega ætluð svæði við hafnir Fjallabyggðar.
- ❖ Skapa örugga hafnaraðstöðu með góðu viðlegurými og aðliggjandi athafnasvæðum. → Góð tenging við samgöngukerfi á landi.
- ❖ Stefnt verði að rafvæðingu hafna.

Í almennum ákvæðum um hafnir segir:

*Auk starfsemi skv. almennum skilmálum skipulagsreglugerðar um starfsemi á hafnarsvæðum er leyfilegt að koma fyrir ýmiskonar tengdri starfsemi á hafnarsvæðum Fjallabyggðar. Þar má nefna þjónustufyrirtækjum fyrir bátafлотann, útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækjum, iðnfyrirtækjum og rannsóknarstofnunum tengdum útgerð og vistkerfi hafnsins auk ferðaþjónustu. Ekki verður þar heimil atvinnustarfsemi sem getur haft mengandi áhrif á matvælavinnslu eða nálæga byggð.*

Í umhverfisskýrslu aðalskipulagsins segir m.a.:

*Sjávarútvegur og tengdar greinar hafa verið meginstoð atvinnulífs í Fjallabyggð. Mikilvægt er því fyrir samfélagið að áhersla sé lögð á góða aðstöðu og vaxtamöguleika fyrir útgerð og hafnsækna starfsemi líkt og skipulagið gerir ráð fyrir.*

*Stefnt er að rafvæðingu hafna sem mun hafa jákvæð áhrif á andrúmsloft og veðurfar.*

Innan skipulagssvæðisins eru eftirtaldir reitir:

Merking	Stærð (ha)	Heitisvæðis	Lýsing/staða/núv. notkun	Skipulagsákvæði
217 AT	1,7	Suðurhluti Eyrarinnar	Ýmiskonar athafnastarfsemi, s.s. lyfjaframleiðsla, verkstæði og iðnaðareldhús.	Verslun og þjónusta tengd hafnarstarfsemi er leyfileg t.d. sala á fiskiafurðum.
218 AT	2,6	Suðurhluti Eyrarinnar	Ýmiskonar athafnastarfsemi, s.s. frystihús, gamall slippur og verslun.	
219 AT	0,9	Austurhluti Eyrarinnar	Athafnastarfsemi. Deiliskipulag í gildi.	
220 H	4,7	Austur- og suðurhluti Eyrarinnar	Ingvarsbryggja, er viðlegubryggja fyrir viðgerðaðþjónustu stærri skipa. Óskarsbryggja, Togarabryggja og Hafnarbryggja eru löndunar- og útskipunarhafnir. Deiliskipulag í gildi. 1,5 ha af reitnum er landfylling (234 E). Efni úr fyrirhuguðum jarðgöngum er áætlað í fyllinguna.	
221 H	0,4	Suðurhluti Eyrarinnar	Smábátahöfn	
213 M	0,9	Sunnan Gránugötu.	Veitingahús, þjónustustarfsemi og almenningsgarður. Deiliskipulag í gildi. Fullbyggt.	Sjá ákvæði um núverandi byggð í kafla 3.2.2.
234 E	1,5	Austurhluti Þormóðseyrar, Siglufjörður.	Landfylling fyrir athafna- og hafnarstarfsemi.	Áætlað magn 100.000 m <sup>3</sup> efnislosun/landfylling.

## DEILISKIPULAG

Aðliggjandi skipulagssvæði eru:

- ❖ Deiliskipulag Snorragötu
- ❖ Deiliskipulag miðbæjar Siglufjarðar
- ❖ Gránugata 5 og 13 (vantar á mynd)
  - skipulag mun falla úr gildi
- ❖ Deiliskipulag hafnarsvæðis
  - skipulagsmörk svæðis breytast
- ❖ Deiliskipulag Þormóðseyrar
- ❖ Þormóðseyri norðan hafnarbryggju, Tjarnargata
  - skipulag mun falla úr gildi
- ❖ Deiliskipulag, Þjóðvegur í Þéttbýli



Mynd 21 Gildandi deiliskipulög og mörk skipulagssvæðis sýnd með rauðri brotalínu.

### 3 ÁHERSLUR SKIPULAGSNEFNDAR

### 4 ÁHRIFAMAT

Ekki eru áformaðar framkvæmdir innan skipulagssvæðisins sem líklegar eru til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif sbr. lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Landfyllingar 5 ha eða stærri eru tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar sem metur hvort framkvæmdin sé háð mati á umhverfisáhrifum. Fyrirhuguð landfylling er 1,5 ha að stærð og fellur því ekki undir 1. viðauka laganna.

Gerð verður grein fyrir áhrifum áætlunarinnar og einstaka stefnumiðum hennar á umhverfið í samræmi við 5 mgr. 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

### 5 KYNNING, SAMRÁÐ OG SKIPULAGSFERLI

Deiliskipulagið verður unnið fyrir Fjallabyggð og í samráði við hafnarstjórn og aðra hagsmunaaðila á svæðinu.

Skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 verður lýsing skipulagsáætlunar send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum í upphafi verks. Jafnframt er óskað samráðs við Skipulagsstofnun um umfang og áherslur í umhverfismati skipulagsvinnunnar. Lýsingin verður auglýst með í staðarblaði sem borið verður út á hvert heimili sveitarfélagsins eða með öðrum fullnægjandi hætti. Hún mun liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins og verða aðgengileg á heimasíðu þess [www.fjallabyggd.is](http://www.fjallabyggd.is)

Með framlagningu og kynningu lýsingar er óskað eftir því að umsagnaraðilar og almenningur leggi fram sjónarmið og ábendingar í upphafi verks, sem að gagni gætu komið við gerð skipulagsins.
--

Í framhaldi verða unnin drög að skipulagi sem kynnt verða á opnum íbúa- og samráðsfundi eða á annan fullnægjandi hátt.

Fullunnin skipulagstillaga verður síðan auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þá verður gefinn kostur á athugasemdum í a.m.k. sex vikur.

Að athugasemdafresti loknum mun skipulags- og umhverfisnefnd yfirfara athugasemdir sem kunna að berast. Gefi þær tilefni til meiriháttar breytinga á skipulagstillögunni skal hún auglýst að nýju.

Skipulags- og umhverfisnefnd gerir tillögu til sveitarstjórnar um afgreiðslu skipulagsins. Samþykkt skipulag, ásamt málsmeðferð og viðbrögðum við athugasemdum verður sent Skipulagsstofnun til yfirferðar. Sveitarstjórn skal birta auglýsingu um gildistöku skipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda. Jafnframt skal afgreiðsla sveitarstjórnar send þeim sem athugasemdir gerðu.

Auglýsing, samþykkt og afgreiðsla deiliskipulags verður í samræmi við 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.



## 5.1 UMSAGNARADILAR

- Skipulagsstofnun
- Hafnarstjórn Fjallabyggðar
- Siglingasvið Vegagerðar
- Rarik
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

## 6 ÁBENDINGAR, TILLÖGUR OG SJÓNARMÍÐ

Óskað er eftir ábendingum, tillögum og sjónarmiðum um fyrirhugaða skipulagsvinnu. Þær skulu vera skriflegar og sendar til:

Skipulagsfulltrúa Fjallabyggðar  
Gránugötu 24  
580 Siglufirði  
v/deiliskipulagslýsingar

eða í tölvupósti

iris@fjallabyggd.is  
v/deiliskipulagslýsingar

Tímafrestur er tilgreindur í auglýsingu. Tilgreina skal nafn, kennitölu og heimilisfang í innsendum gögnum.

## 7 HEIMILDASKRÁ

*Fjallabyggð.* (27. 01 2023). Sótt frá Um Siglufjörð: <https://www.fjallabyggd.is/is/mannlif/ferdafolk/um-siglufjord>

*Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.* (27. 01 2023). Sótt frá Fasteingaskrá: <https://fasteignaskra.is/fasteignir/>

Kanon arkitektar. (2012). *Húsaskráning Siglufjarðar.* Siglufjörður: Fjallabyggð.

Magnús Rúnar Magnússon. (10. 09 2014). *Héðinsfjörður - Fréttavefur í Fjallabyggð.* Sótt frá Endurbætur á húsnæði Genís á Siglufirði: <http://hedinsfjordur.is/endurbaetur-a-husnaedi-genis-a-siglufirdi/>

*Minjastofnun Íslands.* (27. 01 2023). Sótt frá Friðuð hús og mannvirki: <https://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridud-hus-og-mannvirki/>

Páll Halldórsson. (2005). *Jarðskjálftavirkni á Norðurlandi.* Reykjavík: Veðurstofa Íslands.

Sigurður Sigurðarson. (2018). *Lágsvæði - viðmiðunarreglur fyrir landhæð.* Reykjavík: Vegagerðin.

Teiknistofa arkitekta, G. G. (2013). *Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024.* Akureyri: Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar.

Teiknistofa arkitekta, Gylfi Guðjónsson og félagar. (2020). *Aðalskipulag Fjallabyggðar 2020-2032.* Siglufjörður: Fjallabyggð.